# NOCOSPRAY

OXY'PHARM®



## Tækið meðhöndlar 10 til 1.000 m³ rými
## Allar stillingar eru á snertiskjá
## Sterkt, nett og létt (6 kg)







### Hagkvæmt og hraðvirkt

Sjálfvirkt kerfi sem þarf eingöngu 1-5 ml af sótthreinsivökva til að meðhöndla 1 m³ rými.

### Öruggt

Vörurnar innihalda hvorki mengandi efni né ofnæmisvalda og eru því öruggar fyrir bæði fólk og umhverfi.

### Létt og nett en mikil afköst

Tækið getur meðhöndlað rými sem eru allt að 1.000 m³ að rúmmáli þrátt fyrir að vega aðeins 6 kg.

### Uppfyllir ýmsa staðla

Prófað samkvæmt nokkrum stöðlum, meðal annars NF T 72-281 staðlinum.

### Breiðvirk sótthreinsun

Tækið vinnur á bakteríum, vírusum, myglusvepp og myglu- og bakteríusporum.

### Lágur kostnaður miðað við afköst

Sannprófuð og samþykkt virkni gegn örverum af ýmsu tagi fyrir lágan kostnað.

**Í september 2017 voru nokkur Nocospray tæki komin í notkun á Landspítalanum en starfsfólk Sýkingarvarnadeildar hóf notkun á búnaðinum í júní 2015. Síðan þá hafa fleiri tæki verið keypt inn vegna framúrskarandi árangurs í meðhöndlun sýktra svæða á spítalanum.**

TANDUR Tandur hf | Hesthálsi 12 | 110 Reykjavík | Sími: 510 1200 | www.tandur.is

# NOCOSPRAY

OXY'PHARM®

## Hvernig virkar Nocospray?

Nocospray er tækjabúnaður og tilheyrandi lausn af vetnisperoxíði til sótthreinsunar; **Nocolyse One Shot**. Nocospray tækjabúnaðurinn myndar vetnisperoxíð gas ásamt silfurjónum sem dreifist um viðkomandi rými á fljótlegan og öruggan hátt ➔ engin yfirborð verða út undan.

Með Nocospray búnaði og Nocolyse efni næst framúrskarandi sótthreinsun á hörðum yfirborðum, þ.e. minnkun sjúkdómsvaldandi örvera > 6 log (99,9999%). Sem dæmi um örverur sem tækjabúnaðurinn vinnur á má nefna Clostridium difficile (C. diff.), MÓSA bakteríur (MRSA) og nóróveirur. Allt eru þetta hættulegar sjúkdómsvaldandi örverur sem eru m.a. algengar á heilbrigðisstofnunum.

## Hvar nýtist Nocospray?

Nocospray er hægt að nota til sótthreinsunar á hörðum yfirborðum í

- Sjúkra- og legurýmum
- Skurðstofum
- Hótelherbergjum
- Skólastofum

ATH! Nocospray má nota á öll hörð yfirborð, m.a. á viðkvæman tækjabúnað, án þess að hætta sé á skemmdum (s.s. tæringu).



## Sótthreinsunarferlið í 2 skrefum

1. Dreifing sótthreinsiefnis
2. Snertitími (½ til 2 klukkustundir)

Fólk getur ekki vera inni í rýminu meðan á sótthreinsuninni stendur en eftir að henni lýkur er hægt að taka rýmið strax í notkun án frekari aðgerða.

## Mismunandi styrkleikar eftir ástæðum sótthreinsunar

1. **Fyrirbyggjandi meðhöndlun á einstökum rýmum:**
   i. Nocolyse One Shot: **1 ml**/m$^3$
   ii. Úðun ➔ **30 mín.** biðtími
   iii. Dæmi - 50 m$^3$ rými: Tæki stillt á **50** ➔ Úðun ➔ 30 mín. biðtími
2. **Meðhöndlun á einangrunarrýmum (milli sjúklinga) eða meðhöndlun á rými þar sem grunur er um smit:**
   i. Nocolyse One Shot: **3 ml**/m$^3$ (volume x 3)
   ii. Úðun ➔ **1 klst.** biðtími
   iii. Dæmi - 50 m$^3$ rými: Tæki stillt á **150** (3 x 50) ➔ Úðun ➔ 1 klst. biðtími
3. **Meðhöndlun á rými þar sem um staðfest alvarlegt smit er að ræða:**
   i. Nocolyse One Shot: **5 ml**/m$^3$ (volume x 5)
   ii. Úðun ➔ **2 klst.** biðtími
   iii. Dæmi - 50 m$^3$ rými: Tæki stillt á **250** (5 x 50) ➔ Úðun ➔ 2 klst. biðtími

**ATH!** Aðferðir nr. **2** og **3** vinna á sporum (s.s. Clostridium difficile).

**ATH!** Sótthreinsunin fer fram eftir að búið er að þrífa rýmið mjög vel.




TANDUR Tandur hf | Hesthálsi 12 | 110 Reykjavík | Sími: 510 1200 | www.tandur.is